

Skýrsla Óðinssvæðis

Er ég lít yfir farinn veg í starfi mínu sem svæðisstjóri Óðinssvæðis er ég nokkuð sáttur við starf klúbbanna í svæðinu þó svo ég hefði viljað sjá meiri fjölgun félaga en þetta er nú bara svona. Í starfinu hef ég kynnst mörgum frábærum félögum og átt með þeim góðar stundir bæði við stjórnarskipti og í heimsóknum á fundi.

Þrjár svæðisfundir voru haldnar og var mæting félaga góð þó komið hafi fyrir að einn og einn fulltrúa hafi vantað frá klúbbunum. Á fundunum voru bornar fram ýmsar tillögur bæði frá klúbbum og okkur í svæðisstjórn, það sem helst er að nefna er að ákveðið var að fara í sameiginlegt styrktarverkefni um að gefa vöknunartæki til barnadeildar FSA að verðmæti 1,200,000,- og svo hefur Benedikt Kristjánsson í Skjálfanda séð um undirbúning og skipulagningu á sameiginlegri ferð klúbbanna til Færeya vorið 2011, og eru 64 þegar búnir að staðfesta, en enn eru laus sæti fyrir áhugasama. Þá var í fyrsta skipti kosið um kjörsvæðisstjóra á svæðisráðsfundi og var það Sigurjón Pálsson Kaldbak sem hafði vinninginn. Ef svo fer sem horfir að Grettissvæði verði lagt niður og Drangey og Skjöldur sameinist Óðinssvæði verður það mikill fengur að fá þá sterku klúbba til liðs við okkur og ekki hægt annað en að fagna því.

Klúbbarnir í Óðinssvæði eru mjög misjafnir að styrk og fjölda félaga, Askja (16), Skjálfandi (19), Herðubreið (6), Kaldbakur (17), Emblur (8), Súlur (11), og Grímur (22). Og í samanteknum tölum kemur svæðið svona út: Meðaltalsmæting var 73% Heildar fjáröflun 2.203.000.- Heildar styrkir 3.021.000.- Og heildar vinnustundir 1784.

Eitt af því sem er hvað skemmtilegast í starfinu eru heimsóknir í klúbbana, ein sú eftirminnilegasta var jólafundur sem ég sat með félögum í Skjálfanda, Herðubreið og Óskari umdæmisstjóra í Mývatnssveit, þar var tekinn inn nýr félagi í Skjálfanda og stóð fundurinn í tæpa 5 tíma og var það frábær fundur.

Að endingu vil ég þakka öllum Kiwanisfélögum fyrir samstarfið á liðnu ári og þá sérstaklega félögum í Óðinssvæði, umdæmisstjóra og umdæmisritara.

Sigfús Jóhannesson svæðisstjóri Óðinssvæðis